



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BA ritgerð
í lögfræði**

Réttur veiðifélags til nýtingar og ráðstöfunar á eignum félagsins

Inntak e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og
silungsveiði

Garðar Árni Garðarsson

Leiðbeinandi: Þorvaldur Hauksson lögmaður
Júní 2024

LAGAÐEILD

**BA-ritgerð
í lögfræði**

**Réttur veiðifélags til nýtingar og ráðstöfunar á eignum
félagsins**

Inntak e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði

Garðar Árni Garðarsson

Þorvaldur Hauksson lögmaður

Apríl 2024

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Sérstök sameign.....	3
2.1	Almennt um sérstaka sameign.....	3
2.2	Meðferð og ráðstöfun eigna í sérstakri sameign	4
2.2.1	Ákvörðun um nýtingu í óþökk sameigenda	5
3	Ákvarðanatöku á grundvelli e-liðar 1. mgr. 37. gr. lax- og silungsveiðilaga.....	8
3.1	Aðdragandi lagasetningarinnar	8
3.2	Skipan mála innan veiðifélaga	9
3.3	Skylduaðild í ljósi neikvæðs félagafrelsis	10
3.4	Framsafal ákvörðunarvalds til veiðifélags	13
3.5	Inntak e-liðar 1. mgr. 37. gr. lax- og silungsveiðilaga	14
3.6	Eignarréttarleg staða veiðifélaga.....	15
3.7	Heimild veiðifélags til ráðstöfunar og hagnýtingar á eignum veiðifélags	17
3.7.1	Samanburður á ákvarðanatöku veiðifélaga og annarra félaga um sérstaka sameign.....	20
3.8	Áhrif skylduaðildar á niðurstöðu Hæstaréttar í <i>Hrd. 26. október 2022 (20/2022)</i>	
	Fossatúni II.....	22
4	Niðurstaða	23
	Heimildaskrá	26

1 Inngangur

Við setningu lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006, var ekki með skýrum hætti skilgreint hver réttarstaða veiðifélaga væri, samkvæmt lögnum.¹

Skilningur fræðimanna er sá að starfsemi veiðifélaga væri, ef til vill, áþekk þeirri starfsemi sem fram fer í húsfélögum, samkvæmt lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994. Um væri að ræða lögbundin skylduaðildarsamtök um sérstaka sameign.²

Hæstiréttur sló þeirri meginreglu fastri, í dómi sem kenndur er við Fossatún I, *Hrd. 13. mars 2014 (676/2013)*, að um veiðifélög gildi hið sama og þegar verðmæti væru í sérstakri sameign. Óskráðar reglur eignarréttarins um ákvarðanatöku í sérstakri sameign giltu því, þegar lögum nr. 61/2006 sleppti. Í kjölfar dómsins var talið nauðsynlegt að bæta nýjum staflið við 1. mgr. 37. gr. laganna sem fæli í sér heimild veiðifélags til ráðstöfunar á eignum félagsins, til arðbærrar og skyldrar starfsemi, eins og gerist á veiðitíma, án þess að samþykki allra félagsmanna þyrfti að koma til. Bættist e-liður 1. mgr. 37. gr. við lögin, með lögum nr. 50/2015 um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006 með síðari breytingum (meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélaga).

Með gildistöku e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 og þeim breytingum sem urðu þá á lögnum má gera ráð fyrir að með gildistöku þeirra hafi verið bætt úr skorti á lagareglu um ráðstöfun og meðferð eigna veiðifélaga. Er þá átt við ákvarðanir varðandi nýtingu og ráðstöfun sem þjónar best hagsmunum félagsmanna.³ Fellur orðalag ákvæðisins þó heldur illa að 6. mgr. 37. gr. laganna, enda hefur verið litið svo á að veiðifélög geti ekki verið handhafar eignarréttarheimilda.⁴

Vaknar þá sú spurning, hver séu réttaráhrif e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006. Til að fá úr því skorið verður fyrst horft til þeirra reglna sem gilda um ákvarðanatöku innan sérstakrar sameignar almennt. Að lokum verður vikið að þeim reglum sem gilda innan veiðifélaga um hagnýtingu og ráðstöfun eigna sem félagið annast og hvenær þörf sé á samþykki allra sameigenda. Til skýringar á þessu verður gerð grein fyrir veiðifélagi sem skylduaðildarfélagi. Þá er því velt upp hvernig sú lögboðna skylda horfir við rétti manna til að standa utan félaga. Að lokum verður litið til þess hvernig Hæstiréttur skýrir inntak e-liðar 1. mgr. 37. gr. laganna og hvort niðurstaða Hæstaréttar í *Hrd. 26. október 2022 (20/2022) (Fossatún II)*, hafi litast af

¹ Þskj. 891, 144. lögþ. 2014-15, bls. 4608 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

² Karl Axelsson og Arnar Þór Stefánsson: „Um veiðifélög“, bls. 263.

³ Þskj. 891, 144. lögþ. 2014-15, bls. 4607-4609 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

⁴ Alþt. 2005-2006, A-deild, bls. 3534.

því að veiðifélög eru skylduaðildarfélög. Hvort strangara mati hafi þess vegna verið beitt við skýringu á inntaki ákvæðisins en almennt gerist um sérstaka sameign.

Frá því að ákvæði e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 tók gildi, hefur aðeins reynt á það fyrir dómstólum, hvort samþykki allra félagsmanna þurfi, þegar veiðihús er leigt út til almennrar gistipjónustu. Reyndi á þessa skýringu fyrir öllum þremur dómstigum og endaði málið hjá Hæstarétti. Gerðist það eftir að rétturinn varð eingöngu fordæmisgefandi dómstóll. Vekur sérstaka athygli að Hæstiréttur klofnaði í málinu sem gerir málið athyglisvert, þegar kemur að skýringu á inntaki ákvæðisins.

2 Sérstök sameign

2.1 Almenn um sérstaka sameign

Hugtakið sérstök sameign er skilgreint af fræðimönnum sem réttarstaða tveggja eða fleirri aðila sem eiga samtímis virk eignarréttindi yfir eign eða eignum.⁵ Í þessu felst að eignarréttindi skiptast á fleiri aðila, þannig að hver sameigandi hefur allar þær eignarheimildir yfir eigninni sem um ræðir. Þó er það með þeim takmörkunum, sem gerðar eru vegna hagsmuna hinna sameigendanna.⁶

Verðmæti í sérstakri sameign er eign sameigenda í heild sinni sem þeir eiga í sameiningu. Enginn þeirra getur átt afmarkaðan hluta eignarinnar. Þá er rétt að benda á að þegar einn sameigandi gengur út úr sameign þá víkkar réttur hinna.⁷

Annað einkenni sérstakrar sameignar er að réttur sameigenda nær til eignarinnar í heild. Ekki er um að ræða sérstaka sameign ef réttindi aðila ná einungis til hluta eignarinnar eða ef sérhver aðili hefur mismunandi heimildir.⁸

Á Íslandi hafa ekki verið sett heildarlög um sérstaka sameign. Víða er þó að finna lagaákvæði, í settum lögum, um afmarkaða flokka hennar⁹, til dæmis lög nr. 26/1994, lög nr. 61/2006 og jarðalög nr. 81/2004.

Til skýringarauka má nefna þann mun sem er á sérstakri sameign og almennri sameign og snýr að misjöfnum réttarreglum sem gilda um þessi tvö eignarform. Þegar verðmæti er í almennri sameign gildir, að sameigandi hafi vald til ráðstöfunar á nettóhluta sínum í eigninni.¹⁰ Þegar um sérstaka sameign er að ræða getur sameigandi ráðstafað brúttóhluta sínum.¹¹ Undir

⁵ Ólafur Lárusson: *Eignarréttur I*, bls. 71.

⁶ Gaukur Jörundsson: *Eignarréttur I*, bls. 20.

⁷ Ólafur Lárusson: *Eignarréttur I*, bls. 72.

⁸ Gaukur Jörundsson: *Eignarréttur I*, bls. 20.

⁹ Gaukur Jörundsson: *Eignarréttur I*, bls. 20.

¹⁰ Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignarréttur I*, bls. 292-293.

¹¹ Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignarréttur I*, bls. 292-293.

almenna sameign falla til dæmis hlutafélög og sameignarfélög.¹² Hér gefst ekki tækifæri til að fara nánar í muninn á þessum eignarformum.

Reglum sem gilda um ákvörðunartöku um ráðstöfun eða hagnýtingu verðmæta í sérstakri sameign svipar til reglna félagaréttar.¹³ Verður nú vikið að þeim reglum sem gilda um ákvarðanatöku innan sérstakrar sameignar.

2.2 Meðferð og ráðstöfun eigna í sérstakri sameign

Nýting eignar innan sérstakrar sameignar felur í sér rétt aðila til þess að fara með umráð eignar, hvort sem um ræðir hagnýtingu eða notkun, ellegar notkun eða sölu til þriðja aðila. Sama gildir um veðsetningu eða útleigu. Við mat á því hvort ráðstöfunarheimildir eru til staðar ber að líta á eftirfarandi atriði. *Í fyrsta lagi* hvað hverjum einstökum eiganda er heimilt. *Í öðru lagi* hvers kyns ráðstafanir það eru sem meirihluti getur framkvæmt. *Í þriðja lagi* hvenær slík ráðstöfun þarf samþykki allra.¹⁴

Litið hefur verið svo á, af fræðimönnum og í dómum Hæstaréttar¹⁵, að hverjum sameiganda sé heimil nýting og ráðstöfun eignar sem skerði ekki rétt annarra sameigenda. Ólafur Lárusson lítur svo á að ákvörðun sem tekin er af meirihluta eigenda um nýtingu eignar, sé aðeins bindandi fyrir minnihlutann, ef ráðstöfun eignar telst venjuleg.¹⁶

Um þetta má vísa til *Hrd. 7. janúar 2015 (804/2014)*. Deilt var um hvort meirihluta sameigenda hefði verið heimilt að hamla aðgengi eins eiganda að eigninni sem sameigendur áttu í óskiptri sameign, vegna óuppgerðra skulda hans. Hæstiréttur taldi ákvörðun meirihluta sameigenda ólögsmæta. Allir eigendur ættu jafnan rétt til að nýta sér eignina. Séu áform um að takmarka nýtingarrétt sameigenda að eigninni þurfi samþykki allra fyrir slíkri ákvörðun, samkvæmt óskráðum reglum um óskipta sameign.

Um hagnýtingu og ráðstöfun sérstakrar sameignar gilda einnig óskráðar reglur þegar skráðum lagareglum sleppir. Reglur þessar hafa mótast af dómafordæmum Hæstaréttar og kenningum fræðimanna. Þar má nefna grundvallardóm Hæstaréttar, Fossatún I, sbr. *Hrd. 13. mars 2014 (676/2013)*. Í dóminum var því slegið föstu að óskráðum reglum verði beitt, þegar ekki er mögulegt að styðjast við skráðar reglur. Óskráðar reglur megi einnig nota til fyllingar

¹² Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignarréttur I*, bls. 292.

¹³ Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignarréttur I*, bls. 293.

¹⁴ Ólafur Lárusson: *Eignarréttur I*, bls. 73.

¹⁵ Sjá *Hrd. 13. mars 2014 (676/2013)*, *Hrd. 8. október 2015 (83/2015)*, *Hrd. 11. febrúar 2016 (305/2015)* og *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*.

¹⁶ Ólafur Lárusson: *Eignarréttur I*, bls. 73.

skráðum réttarreglum.¹⁷ Hæstiréttur benti einnig á að hafa mætti hliðsjón af reglum laga nr. 26/1994 sem gilda um afmarkaða flokka sérstakrar sameignar.

Við mat á lögmæti ákvörðunar um verðmæti sem eru í sérstakri sameign er almennt litið til eftirfarandi þátta. *Í fyrsta lagi* hvaða ákvarðanir hverjum og einum sameiganda séu heimilar. Hvaða ákvarðanir þarfnist samþykkis einfalds meirihluta eða samþykkis allra sameigenda. *Í öðru lagi* hvernig haga skuli ákvörðunartöku. *Í þriðja lagi* hver ábyrgð sameigenda sé gagnvart kröfuhöfum sem kröfur eiga á einstaka sameigendur eða á sameigendur vegna sameignarinnar í heild. *Í fjórða lagi* hvernig sérstakri sameign verði slitið.¹⁸

2.2.1 Ákvörðun um nýtingu í óþökk sameigenda

Slík tilvik kunna að koma upp varðandi ákvarðanatöku verðmætis í sérstakri sameign að farið sé út fyrir tiltekin mörk. Þannig getur ákvörðun falið í sér ráðstöfun og hagnýtingu sem er óvenjuleg eða meiri háttar þótt venjuleg geti talist. Ákvörðunin bregði þannig út af því sem lagt var upp með í byrjun, í samningi eða samþykktum.¹⁹ Mikilvægt er að leggja mat á það hvað felst í nýtingu og ráðstöfun sameignar áður en ákvörðun er tekin.²⁰

Sú meginregla sem mótast hefur í dómaframkvæmd einkennist af því að þörf sé á samþykki allra til ákvarðana sem eru óvenjulegar eða meiri háttar þótt venjulegar geti talist. Dugar þá ekki samþykki meirihlutans.²¹

Í *Hrd. 13. mars 2014 (676/2013)* var sú meginregla eignarréttar lögð til grundvallar er varðar veiðifélög, að samþykki allra þurfi, þegar ákvörðun er tekin um nýtingu sem er óvenjuleg eða meiri háttar þótt venjuleg geti talist. Einn sameigendanna og félagsmaður í veiðifélaginu, krafðist viðurkenningar, á því að veiðifélaginu hefði verið óheimilt að leigja út veiðihús félagsins utan skilgreinds veiðitíma. Ágreiningur var um hvort samþykki allra félagsmanna hefði þurft til ráðstöfunarinnar. Í dómi Hæstaréttar segir:

Þótt réttarstaða veiðifélaga sé ekki skilgreind berum orðum í lögum nr. 61/2006 er ljóst að skipan mála innan þeirra og í skiptum út á við er með sama hætti og þegar eignarréttindi að tilteknu verðmæti eru í sérstakri sameign. Af því leiðir að þegar reglum laga nr. 61/2006 sleppir, þar á meðal hvað varðar heimildir félagsmanna til ákvörðunar um nýtingu og ráðstöfun eigna á forræði veiðifélags með eða án löggernings, gilda almennar reglur eignarréttar um sérstaka sameign.

¹⁷ Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignarréttur I*, bls. 295.

¹⁸ Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignarréttur I*, bls. 293.

¹⁹ Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignarréttur I*, bls. 313.

²⁰ Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignarréttur I*, bls. 307.

²¹ Ásgerður Ragnarsdóttir og Víðir Smári Petersen: „Skylduaðild að veiðifélögum- stenst fyrirkomulag atkvæðisréttar meðalhófssjónarmið?“, bls. 168.

Niðurstaða Hæstaréttar var sú að veiðifélaginu hefði verið óheimilt að ráðstafa veiðihúsinu til útleigu utan veiðitímabils, enda væri ákvörðunin meiri háttar og breytti engu um þótt ráðstöfunin gæti talist venjuleg. Samkvæmt óskráðum reglum eignarréttarins þurfi slík ákvörðun alltaf að vera samþykkt af öllum sameigendum.

Ráðstöfun sem felur í sér meiri háttar breytingu á því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur þarfnast samþykkis allra eigenda. Um þetta vísast til dóms Hæstaréttar, *Hrd. 8. október 2015 (83/2015)*. Hluti sameigenda tók ákvörðun um að hefja gjaldtöku á sameignarlandi, ákvörðunin var í óþökk hluta sameigenda sem töldu samþykki allra þurfa fyrir ráðstöfuninni. Niðurstaða réttarins var sú að gjaldskyldan hefði verið meiri háttar breyting frá því sem tíðkaðist, enda væri hún ekki aðeins til að standa undir kostnaði heldur líka að vera til arðs fyrir eigendur. Ákvörðunin hefði því þurft samþykki allra sameigenda og því var óheimilt að hefja gjalddöku.

Aftur á móti, þegar nýting og ráðstöfun er hvorki meiri háttar né óvenjuleg er nægjanlegt að samþykki meirihluta sameigenda liggi fyrir, sbr. *Hrd. 17. nóvember 2016 (44/2016)*. Deila málsaðila laut að því, hvort ákvörðun um að gera samning um útgerð báta á Jökulsárlóni, fæli í sér óvenjulega og meiri háttar ráðstöfun á landi jarðarinnar. Hvort samþykki allra sameigenda þyrfti til færi eftir því. Hæstiréttur vísaði til þess að ráðstöfunin væri sambærileg þeirri starfsemi sem stunduð var fyrir á jörðinni. Ráðstöfunin væri því hvorki óvenjuleg né meiri háttar og var samþykki meirihlutans nægjanlegt.

Fræðimenn hafa orðið þess áskynja að ákveðin minnihlutavernd hefur færst í aukana milli ára. Dæmi um slíkt eru ákvarðanir, teknar á vettvangi húsfélags, þess eðlis að þær þurfi samþykki aukins meirihluta sbr. a-lið 1. mgr. 41. gr. laga nr. 26/1994. Í einstaka tilfellum hefur þótt nauðsynlegt að samþykki allra liggi fyrir slíkum ákvörðunum.²² Þetta á tildæmis við um meiri háttar ákvarðanir sem varða verulegar breytingar á hagnýtingu og ráðstöfun sameignar í fjöleignarhúsi. Fer því eigandi með neitunarvald varðandi slíka ráðstöfun.²³ Hér má tildæmis benda á *Álit kærunefndar húsamála 15. febrúar 2017 (21/2016)*. Samþykki allra sameigenda var talið þurfa svo að breyta mætti framhlið á bílskúr í glervegg. Breytingin fól í sér verulega útlitsbreytingu á heildareigninni og væri þess vegna alltaf þörf á samþykki allra. Var breytingin því talin ólögmat.

²² Ásgerður Ragnarsdóttir og Víðir Smári Petersen: „Skylduaðild að veiðifélögum- stenst fyrirkomulag atkvæðisréttar meðalhófssjónarmið?“, bls. 167.

²³ Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignarréttur II*, bls. 523.

Ólafur Lárusson lítur svo á að þegar ákvörðun er tekin af meirihluta eigenda um nýtingu eignar þá sé hún eingöngu bindandi fyrir minnihlutann, ef ráðstöfun eignar telst venjuleg á slíkri eign.²⁴

Rennir þetta að einhverju leyti stöðum undir þau sjónarmið að minnihlutavernd hafi færst í aukana hin síðari ár.²⁵ Kann að vera þörf á að veita minnihlutanum vissa vernd gagnvart ákvörðunum meirihlutans? Á meirihluta eigenda einnig rétt á því að minnihlutinn valdi ekki óþarfa tjóni með andstöðu sinni?²⁶

Sú regla hefur mótast í gegnum tíðina hjá dómstólum að meirihlutanum sé veitt ákvörðunarvald um ráðstöfun og nýtingu sameignar til venjulegrar notkunar sem ekki er meiri háttar. Hæstiréttur hefur mótað slíkt fordæmi í dómum sínum varðandi óskráðar reglur um ákvörðunartöku, tildæmis í *Hrd. 13. mars 2014 (676/2013)*, *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*, *Hrd. 11. febrúar 2016 (305/2015)*.

Af framangreindu leiðir að þegar taka þarf ákvörðun í óþökk sameigenda, á að fara fram atkvæðagreiðsla. Þegar meirihluti atkvæða dugir er horft til eignarhlutfalls, en ekki fjölda sameigenda. Ráðandi er eignarhlutfall eigenda í sérstakri sameign.²⁷

Með lögum nr. 52/2021 lög um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006 (minnihlutavernd o.f.l.), er minnihlutavernd í veiðifélagi styrkt til munar þegar kemur að ákvarðanatöku um ráðstöfun veiðiréttar. Í greinagerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 52/2021, er mælt fyrir um að hætta sé á því að meirihluti geti tekið ákvörðun sem fæli í sér takmörkun á ráðstöfunar- og hagnýtingarrétti veiðiréttarhafa. Lögin eiga því að takmarka þá áhættu að atkvæði í veiðifélagi safnist á fárra hendur vegna þess valds sem meirihlutinn hefur í félaginu.²⁸

Efni þessarar ritgerðar afmarkast við þær reglur sem gilda um ákvarðanatöku innan veiðifélaga, reglur sem gilda þegar kemur að hagnýtingu og ráðstöfun eigna sem félagið annast og hvenær þörf sé á samþykki allra félagsmanna.

²⁴ Ólafur Lárusson: *Eignarréttur 1*, bls. 73.

²⁵ Ásgerður Ragnarsdóttir og Víðir Smári Petersen: „Skylduaðild að veiðifélögum- stenst fyrirkomulag atkvæðisréttar meðalhófssjónarmið?“, bls. 167.

²⁶ Ólafur Lárusson: *Eignarréttur 1*, bls. 73.

²⁷ Ásgerður Ragnarsdóttir og Víðir Smári Petersen: „Skylduaðild að veiðifélögum- stenst fyrirkomulag atkvæðisréttar meðalhófssjónarmið?“, bls. 168.

²⁸ Þskj. 419, 151. lögþ. 2020-21, bls. 3511 (enn óbirt í A-deild Alþt.). Meginreglan samkvæmt gildandi lögum er sú að afl atkvæða ræður á félagsfundum og almennum félagsfundum, sbr. 8. mgr. 40. gr. laganna. Fáar undantekningar frá meginreglunni í lögum. Þetta getur leitt til þeirrar stöðu að veiðiréttarhafi geti hvorki veitt fyrir landi sínu né notið arðs af hlunnindum sínum. Slík staða getur orkað afar íþyngjandi fyrir veiðiréttarhafa þar sem hann getur ekki sagt sig úr félaginu.

3 Ákvarðanataka á grundvelli e-liðar 1. mgr. 37. gr. lax- og silungsveiðilaga

3.1 Aðdragandi lagasetningarinnar

Tilfni þótti til að gera breytingar á lögum nr. 61/2006, vegna þess skorts sem var á heimildum í lögnum til ákvarðanatöku veiðifélaga um ráðstöfun og hagnýtingu eigna. Var það mat löggjafans að skýra þyrfti frekar heimildir til ákvarðanatöku um ráðstöfun eigna þeirra.

Voru breytingarnar gerðar með lögum nr. 50/2015 í kjölfar dóms Hæstaréttar *Hrd. 13. mars 2014 (676/2013)* (Fossatún I). Þar reyndi á hvort samþykki allra þyrfti til að selja veiðihús á leigu til almenns gisti- og veitingarekstrar.²⁹

Í málinu sló Hæstiréttur því föstu að útleiga veiðihúss til almenns gisti- og veitingarekstrar utan skilgreinds veiðitíma, væri meiri háttar ákvörðun. Samkvæmt óskráðum reglum eignarréttarins væri ótvírætt að samþykki allra sameigenda þyrfti að koma til þegar ákvörðun fæli í sér ráðstöfun sem væri óvenjuleg eða meiri háttar. Meirihluti atkvæða samkvæmt 8. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 nægði ekki til slíkrar ráðstöfunar. Hvorki yrði ráðið af lögum eða samþykktum félagsins að ráðstöfunin samrýmdist lögboðnu hlutverki veiðifélagsins. Viðfangsefni veiðifélaga væri takmarkað af þeim verkefnum sem löggjafinn fæli þeim. Veiðifélaginu var því óheimilt að leigja út veiðihúsið nema með samþykki allra.

Líkt og fram kemur í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 50/2015, var talið brýnt að bæta úr skorti á lagareglu um ráðstöfun og meðferð eigna veiðifélaga. Ætlun e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 er að gera veiðifélagi kleift að nýta eignir félagsins utan skilgreinds veiðitíma, á arðbæran hátt fyrir veiðiréttarhafa. Eignin verður þó að vera nýtt á þann hátt að hliðstætt væri þeirri starfsemi sem færi fram á veiðitíma.³⁰

Ákvæðinu er ætlað að fylla í það tómarúm sem var fyrir. Einnig að lögfesta þá reglu að löglega boðaður fundur geti tekið ákvörðun um að nýta eign til arðberandi starfsemi með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi. Ekki væri því þörf á samþykki allra veiðiréttarhafa eins og skilningurinn var fyrir gildistöku laganna, sbr. *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*. Dómurinn vitnaði til þess að ekki höfðu áður verið ákvæði í lögnum um nýtingu og ráðstöfun á eignum veiðifélags. Gerðist það fyrst þegar ákvæði e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, kom inn í lögin með 1. gr. laga nr. 50/2015. Rakti dómurinn einnig athugasemdir með frumvarpi því er varð að umræddum lögum.

Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 50/2015, er vikið að því hlutverki stjórna veiðifélaga að leitast við að hámarka þann arð sem veiðiréttarhafar geti fengið af eign

²⁹ Þskj. 891, 144. lögþ. 2014-15, bls. 4608 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

³⁰ Þskj. 891, 144. lögþ. 2014-15, bls. 4608 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

sinni í félaginu. Það er hliðstætt því sem við á um ráðstöfun veiðiréttar á félagssvæðinu, sbr. d-lið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006.³¹

Í nefndaráliti atvinnuveganefndar um frumvarpið var svo að orði komist að það félli undir hlutverk veiðifélags að eiga eignir. Nefndin taldi eðlilegt að veiðifélag gæti ráðstafað eignum svo framarlega sem ráðstöfunin væri í samræmi við markmið laganna. Heimild veiðifélags til ráðstöfunar eignar utan skilgreinds veiðitíma er bundin skilyrði um skylda starfsemi. Var umrædd starfsemi talin geta fallið undir markmið laganna.³²

Sú afstaða sem er tekin í athugasemdum og nefndaráliti gefur tilefni til að gefa ákvæðinu frekari gaum og hafa hliðsjón af þeim markmiðum sem skylduáðild er ætlað að tryggja. Þó þannig að ekki sé gengið lengra í að takmarka grundvallarmannréttindi en þörf krefur.³³

3.2 Skipan mála innan veiðifélaga

Löggjafinn hefur í einhverjum tilfellum úrskurðað að skipulagður félagsskapur sem sameigendur eiga áðild að skuli fara með málefni hinnar sérstöku sameignar. Slík félög eru til dæmis veiðifélög samkvæmt lögum nr. 61/2006 og húsfélög samkvæmt lögum nr. 26/1994. Félögin eru lögbundin skylduáðildarfélög um sérstaka sameign. Þau eru ekki skilgreind sem hefðbundin félög í skilningi félagaréttar, þó svo að starfsemi og skipulag þeirra svipi til hinna hefðbundnu félaga.³⁴

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu í áðurnefndum dómum *Hrd. 13. mars 2014 (676/2013)* og *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)* að þrátt fyrir að ekki væri með skýrum hætti gerð grein fyrir réttarstöðu veiðifélags í lögum þá væri skipan mála innan veiðifélaga með sama hætti og þegar eignarréttindi að tilteknu verðmæti eru í sérstakri sameign, hvað varðar samskipti þeirra út á við. Rétturinn mat það svo að þegar lögum nr. 61/2006 slepti, þá gildi almennar reglur eignarréttar um sérstaka sameign, meðal annars hvað varðar nýtingu og ráðstöfun eigna veiðifélags sem eru á forræði þess, með eða án löggernings. Eftir atvikum mætti einnig hafa nokkra hliðsjón af lagaákvæðum um afmarkaða flokka sérstakrar sameignar, til dæmis reglur laga nr. 26/1994.

Við skýringu á e-lið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, ber því að hafa í huga inntak dómanna tveggja. Ákvæðið veitir veiðifélagi ákvörðunarvald um ráðstöfun eigna félagsins sem lúta

³¹ Þskj. 891, 144. lögb. 2014-15, bls. 4608 (enn óbirt í A-deild Alpt.).

³² Þskj. 891, 144. lögb. 2014-15, bls. 6782 (enn óbirt í A-deild Alpt.).

³³ Ásgerður Ragnarsdóttir og Víðir Smári Petersen: „Skylduáðild að veiðifélögum- stenst fyrirkomulag atkvæðisréttar meðalhófssjónarmið?“, bls. 173.

³⁴ Karl Axelsson og Arnar Þór Stefánsson: „Um veiðifélög“, bls. 263-268.

óskráðum reglum um ákvarðanatöku sérstakrar sameignar nema skýr ákvæði laganna leiði til annarrar niðurstöðu.

Til hliðsjónar er einnig gott að glöggva sig á öðrum dómum sem fallið hafa um ákvarðanatöku varðandi sérstaka sameign. Það verður enda ráðið af fyrri dómafordæmum að alltaf sé þörf á samþykki allra, þegar ákvörðun felur í sér takmörkun á réttindum. Líta má svo á að þetta sé hliðstætt og hvað varðar ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða meiri háttar. Þarf þá alltaf samþykki allra. Þetta gildir því um öll verðmæti sem eru í sérstakri sameign.³⁵

Ákvarðanatöku innan veiðifélaga um nýtingu og ráðstöfun eigna lýtur að samspili óskráðra reglna eignarréttarins um sérstaka sameign. Einnig nær hún til reglna laga nr. 26/1994 og þeirra reglna sem gilda á vettvangi félagaréttar.³⁶ Unnt er að slá því föstu að sérhverjum sameiganda sé heimil sú nýting og ráðstöfun sérstakrar sameignar þannig að ekki sé vegið að hagsmunum annarra sameigenda.³⁷

Það er því ekki vandalaust að taka ákvarðanir um hagnýtingu og ráðstöfun á vettvangi veiðifélaga. Almenna reglan er sú að samþykki einfalds meirihluta dugi þegar ráðstöfun telst vera venjuleg og í samræmi við það sem lagt var upp með í samningi eða samþykktum.³⁸

Til skýringarauka á reglunni má benda á niðurstöðu Hæstaréttar í því máli sem kennt er við deilur sameigendafélagsins um Jökulsárlón, sbr. *Hrd. 17. nóvember 2016 (44/2016)*. Heildarmat á aðstæðum fór fram og komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að ráðstöfun sameigendafélagsins væri ekki umfangsmeiri en sú starfsemi sem þegar fór fram á jörðinni. Starfsemin hafi verið sambærileg þeirri sem fram fór á jörðinni og hvorki falið í sér óvenjuleg né meiri háttar umsvif. Því var ekki talin þörf á samþykki allra samkvæmt óskráðum reglum eignarréttarins. Fallist var á að meirihlutinn væri bær til þess að taka slíka ákvörðun.

3.3 Skylduaðild í ljósi neikvæðs félagafrelsis

Árið 1970 var í fyrsta sinn kveðið á um að stofnun veiðifélaga skyldi vera bundin í lög. Þar sem tveir eða fleiri eiga eign að sama landi er þeim skylt að stofna veiðifélag.³⁹ Þessi þýðingarmikla breyting hafði í för með sér að veiðifélög voru gerð að skylduaðildarfélögum með lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.⁴⁰

³⁵ *Hrd. 13. mars 2014 (676/2013), Hrd. 7. janúar 2015 (804/2014), Hrd. 8. október 2015 (83/2015), Hrd. 11. febrúar 2016 (305/2015), Hrd. 17. nóvember 2016 (44/2016) og Hrd. 26. október 2022 (20/2022).*

³⁶ Ásgerður Ragnarsdóttir og Víðir Smári Petersen: „Skylduaðild að veiðifélögum- stenst fyrirkomulag atkvæðisréttar meðalhófssjónarmið?“, bls. 166.

³⁷ Harpa Samúelsdóttir: „Veiðifélög samkvæmt lax- og silungsveiðilögum nr. 61/2006“, bls. 21.

³⁸ Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur I*, bls. 307.

³⁹ Einar Hannesson: „Veiðifélög og starfsemi þeirra“, bls. 3.

⁴⁰ Karl Axelsson og Arnar Þór Stefánsson: „Um veiðifélög“, bls. 261.; Ásgerður Ragnarsdóttir og Víðir Smári Petersen: „Skylduaðild að veiðifélögum- stenst fyrirkomulag atkvæðisréttar meðalhófssjónarmið?“, bls. 160.

Til að gefa stutta innsýn inn í fyrirkomulag veiðifélaga er rétt að vekja athygli á þeirri skyldu að sérhverjum veiðiréttarhafa í fiskihverfi, er skylt að vera í veiðifélagi, félagi um skipulag veiði í viðkomandi fiskihverfi, líkt og mælt er fyrir um í ákvæði, 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006. Sú skylda er lögð á til að tryggja markmið 1. gr. laganna um verndun fiskistofna, þannig að þeir séu nýttir með hagkvæmum og skynsamlegum hætti. Í e-lið 1. mgr. 37. gr. laganna er fjallað um nokkur þeirra hlutverka sem veiðifélagi er gert að sinna. Í ákvæðinu segir að hlutverk slíks félags sé meðal annars að nýta eignir veiðifélags og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn. Heimilt er veiðifélagi að ráðstafa eign félagsins utan veiðitíma og þá til skyldrar starfsemi.

Meginreglan samkvæmt e-lið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 er að eignir veiðifélags verði nýttar með sem arðbærustum hætti utan veiðitíma til skyldrar starfsemi, eins og fram fer á veiðitíma⁴¹, sbr. *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar sbr. *13. mars 2014 (676/2013)*, þar sem ákvörðun veiðifélags um ráðstöfun á veiðihúsi utan skilgreinds veiðitíma var metin ógild, var gerð breyting á lögum nr. 61/2006, til að einfalda ákvarðanatöku innan veiðifélaga. Var áður nefndum e-lið 1. mgr. 37. gr. bætt við með lögum nr. 50/2015.⁴²

Vikið verður nú að því hvaða heimildir veiðifélag hefur til þess að taka ákvörðun um nýtingu og ráðstöfun eigna félagsins, utan skilgreinds veiðitíma. Nægir samþykki meirihluta til slíkra ráðstafana, á grundvelli e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006? Á það reyndi í *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)* hvort ákvæðið væri nógu skýrt. Var þarna um að ræða takmörkun á stjórnarskrárvörðum mannréttindum, þannig að samþykki allra þyrfti að koma til?

Reynt hefur á rétt manna til að standa utan félaga, samkvæmt 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (hér eftir stjkskr.), í allnokkrum dómum Hæstaréttar og Mannréttindadómstóls Evrópu. Er þar átt við hvort heimilt sé að skylda menn til aðildar að félagi. Í þeim dómum hefur reynt á undantekninguna frá meginreglu 2. mgr. 74. gr. stjkskr. og 11. gr. mannréttinasáttmála Evrópu (hér eftir MSE) sem lögfestur var með lögum um mannréttinasáttmála Evrópu nr. 62/1994. Hvort heimilt sé samkvæmt lögum að skylda menn til að hafa með sér félagsskap, vegna tillits til almannahagsmuna eða réttinda annarra.⁴³

Hér gefst þó ekki tækifæri til að fara nánar út í þá sálma hvað varðar félagafrelsi og rétt manna til að standa utan félaga. Verður því beint sjónum að veiðifélögum og reglum sem gilda um lögbundin skylduaðildarfélög.

⁴¹ Þskj. 891, 144. lögb. 2014-15, bls. 4608 (enn óbirt í A-deild Alpt.).

⁴² Þskj. 891, 144. lögb. 2014-15, bls. 4608 (enn óbirt í A-deild Alpt.).

⁴³ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 437-449.

Hafa ber í huga við skýringu á þessu atriði, hvort skylduaðild hafi áhrif, ellegar afleiðingar, á önnur stjórnarskrárvarin réttindi.⁴⁴ Má nefna að þetta var eitt af sjónarmiðunum sem Hæstiréttur leit til í niðurstöðu sinni í dómi *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*.

Veiðifélög hafa verið skilgreind sem lögbundin skylduaðildarsamtök um sérstaka sameign. Þau eru um margt lík húsfélögum eins og vísað er til í fyrri umfjöllun. Hvorugt fyrirkomulag þessara félaga er þó í hefðbundnum skilningi félag, í skilningi félagaréttar, heldur er um að ræða skyldubundið samstarf eigenda samkvæmt lögum. Þar af leiðandi falla þau undir reglur eignaréttar en ekki félagaréttar.⁴⁵

Litið hefur verið svo á að sú skilyrðislausu skylda veiðiréttarhafa til þess að vera í veiðifélagi, samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, standist almennt þau skilyrði sem undantekningarregla 2. másl. 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar setur. Þyki skylduaðild að félagi nauðsynleg til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki sínu, vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra, þá sé heimilt að lögbinda hana.⁴⁶

Í *Hrd. 6. mars 2014 (144/2014)* var tekist á um skylduaðild að Félagi fasteignasala, það er hvort félagsmanni væri skylt að eiga aðild að félaginu og greiða gjöld til þess. Hæstiréttur féllst á að honum yrði ekki gerð skylda til að vera í félaginu enda hefði ekki verið sýnt fram á nauðsyn skylduaðildar svo félagið gæti sinnt lögmæltu hlutverki sínu.

Varðandi veiðifélög er staðan þveröfug. Mikilvægt þykir að skylda menn til að vera í veiðifélagi enda hefur ótvírætt verið sýnt fram á nauðsyn þess svo félagið geti sinnt lögmæltu hlutverki sínu.⁴⁷ Í athugasemdum með 12. gr. í frumvarpi því er varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995, voru veiðifélög nefnd sem dæmi um aðþrengda stöðu þar sem tengsl milli sumra aðila gætu orðið of nán á kostnað annarra. Brýna nauðsyn bæri til að landeigendum yrði gert að standa sameiginlega að félagi, sökum þess hve nán tengsl gætu orðið á milli þeirra.⁴⁸

Um er að ræða undantekningu frá meginreglunni um neikvætt félagafrelsi og rétt manna til að standa utan félaga, sbr. 2. mgr. 74. gr. stjkskr. og 11. gr. MSE. Þetta er gert í því skyni að markmiðum laga nr. 61/2006, um verndun fiskstofna og hagkvæma nýtingu þeirra, verði náð.⁴⁹

⁴⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 449.

⁴⁵ Áslaug Björgvinsdóttir: *Félagaréttur*, bls. 14-15.; Karl Axelsson og Arnar Þór Stefánsson: „Um veiðifélög“, bls. 263.

⁴⁶ Ólafur Lárusson: *Kaflar úr kröfurétti*, bls. 175. Þar er vísað til þess að veiðifélög séu dæmi um félagsskap þar sem þáttaka manna er nauðsynleg vegna sameiginlegra hagsmuna manna.; Karl Axelsson og Arnar Þór Stefánsson: „Um veiðifélög“, bls. 264.

⁴⁷ Karl Axelsson og Arnar Þór Stefánsson: „Um veiðifélög“, bls. 264 - 265.; Stefán Már Stefánsson og Eyvindur G. Gunnarsson: „Álitsgerð um eðli, réttarstöðu og heimildir veiðifélaga“, bls. 12.

⁴⁸ Alþt. 1994–1995, A-deild, bls. 2108.; Karl Axelsson og Arnar Þór Stefánsson: „Um veiðifélög“, bls. 264.

⁴⁹ Karl Axelsson og Arnar Þór Stefánsson: „Um veiðifélög“, bls. 268.; Ásgerður Ragnarsdóttir og Víðir Smári Petersen: „Skylduaðild að veiðifélögum- stenst fyrirkomulag atkvæðisréttar meðalhófssjónarmið?“, bls. 155.

Hæstiréttur komst svo að orði í *Hrd. 13. mars 2014 (676/2013)* að 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, fæli í sér undantekningu frá meginreglu 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Engan megi skylda til aðildar að félagi. Viðfangsefni veiðifélags væri takmarkað af þeim verkefnum sem því væri falið af löggjafanum á hverjum tíma. Það er því algjört skilyrði að þau fylgi tilgangi laganna og þeim markmiðum sem skylduaðildinni er ætlað að tryggja.

Þrátt fyrir að til staðar kunni að vera skýr lagaheimild um skylduaðild að félagi þá dugir það ekki eitt og sér. Ávallt verður að leggja á það mat hvort nauðsynlegt sé að skylda menn til aðildar svo félag geti sinnt lögmæltu hlutverki sínu.⁵⁰

Slíkt mat fór fram af hálfu meirihluta réttarins, sbr. *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*. Horft var til þess hvort skylduaðild að veiðifélagi stæðist undantekningarreglu 2. másl. 2. mgr. 74. gr. stjkskr. Með hliðsjón af dómaframkvæmd Hæstaréttar, varð niðurstaðan sú að lögbundin skylduaðild að veiðifélagi væri nauðsynleg til þess að markmiðum 1. gr. laga nr. 61/2006 yrði náð. Þannig geti veiðifélag sinnt lögmæltu hlutverki sínu vegna almannahagsmuna og réttinda annarra samkvæmt 2. mgr. 74. gr. stjkskr.

Samkvæmt fyrrnefndum dómum Hæstaréttar, *Hrd. 13. mars 2014 (676/2013)*⁵¹ og *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*, er óumdeilt að skylduaðild að veiðifélagi standist skilyrðin samkvæmt 2. mgr. 74. gr. stjkskr.

3.4 Framsal ákvörðunarvalds til veiðifélags

Skipulag mála innan félags má ekki íþyngja mönnum að óþörfu sé hægt að ná markmiði laganna með öðru vægara móti. Sömuleiðis á þetta við um ákvarðanatöku innan veiðifélaga.⁵²

Í 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, með síðari breytingum, segir að í því skyni að markmiðum laganna samkvæmt 1. gr. verði náð sé mönnum skylt að hafa með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi. Hlutverk slíks félags er nánar tilgreint í staflíðum a til e í 1. mgr. 37. gr. sömu laga.

Hliðstætt og komið hefur fram hér að ofan er eitt af hlutverkum veiðifélags á grundvelli e-liðar 1. mgr. 37. gr. laganna að nýta eignir veiðifélags og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn. Heimilt er veiðifélagi að ráðstafa eign félagsins utan veiðitíma og þá til skyldrar starfsemi.

⁵⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 447.

⁵¹ Ásgerður Ragnarsdóttir og Víðir Smári Petersen: „Skylduaðild að veiðifélögum- stenst fyrirkomulag atkvæðisréttar meðalhófssjónarmið?“, bls. 156.

⁵² Ásgerður Ragnarsdóttir og Víðir Smári Petersen: „Skylduaðild að veiðifélögum- stenst fyrirkomulag atkvæðisréttar meðalhófssjónarmið?“, bls. 156.

Í frumvarpi með breytingum á lögum nr. 61/2006 kemur fram í athugasemdum við frumvarpið að verkefni og starfsemi veiðifélags skuli vera í nánum efnislegum tengslum við hlutverk félagsins.⁵³

Eins og vikið hefur verið að hér að framan, þá byggir e-liður 1. mgr. 37. gr. laganna á því að löglega boðaður fundur sé bær til að taka ákvörðun um ráðstöfun og hagnýtingu eigna. Er niðurstaða fundarins fullgild án þess að allir félagsmenn veiti samþykki sitt fyrir slíkri nýtingu.⁵⁴

Vegna skylduaðildarinnar má raunar segja að ákvörðunarvaldið flytjist frá veiðiréttarhafa til veiðifélagsins. Það er því á valdi veiðifélagsins að taka ákvörðun um nýtingu veiðiréttarins að teknu tilliti til hagsmuna veiðiréttarhafa og markmiðs laganna, sbr. d-lið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006. Heimildir sem veiðiréttarhafi nýtur, eru alla jafnan framseldar veiðifélaginu. Ákvörðunarvald hefur verið fært í hendur veiðifélagsins til þess að það þjóni sameiginlegum hagsmunum félagsmanna.⁵⁵

Þeir sem eignarréttindi eiga í sérstakri sameign hafa rétt til að greiða atkvæði um það sem við kemur sameigninni.⁵⁶ Þar sem veiðifélag er skylduaðildarfélag, þá eru því settar vissar takmarkanir til ráðstafana er varða réttindi félagsmanna. Því þarf að gæta að meðalhófssjónarmiðum og tryggja að hagsmunir einstakra félagsmanna séu ekki fyrir borð bornir eða að óþörfu stefnt í óvissu, sbr. *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*.

3.5 Inntak e-liðar 1. mgr. 37. gr. lax- og silungsveiðilaga

Við skýringu á e-lið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 verður ekki annað ráðið en það gildi einnig um c- og d-lið sömu greinar. Ákvæðinu er ætlað að færa ákvörðunarvaldið um nýtingu eigna til félagsfundar með þeim hætti að meirihluti fundar taki ákvörðun um þá nýtingu og ráðstöfun sem samrýmist best hagsmunum félagsmanna. Ákvæðinu var ætlað að ráða bót á skorti á skýrum reglum í lögnum er laut að ráðstöfun eigna veiðifélaga og hvernig ákvörðunartöku á fundi veiðifélags skyldi hagað.⁵⁷

Ekki er með beinum orðum tekið fram í e-lið 1. mgr. 37. gr. laganna að meirihluti félagsfundar geti tekið ákvörðun um nýtingu og ráðstöfun eigna félagsins. Er það gagnstætt því sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 50/2015 og

⁵³ Þskj. 891, 144. lögb. 2014-15, bls. 4607 (enn óbirt í A-deild Alpt.).

⁵⁴ Þskj. 891, 144. lögb. 2014-15, bls. 4608 (enn óbirt í A-deild Alpt.).

⁵⁵ Ásgerður Ragnarsdóttir og Víðir Smári Petersen: „Skylduaðild að veiðifélögum- stenst fyrirkomulag atkvæðisréttar meðalhófssjónarmið?“, bls. 173.

⁵⁶ Ásgerður Ragnarsdóttir og Víðir Smári Petersen: „Skylduaðild að veiðifélögum- stenst fyrirkomulag atkvæðisréttar meðalhófssjónarmið?“, bls. 168.

⁵⁷ Þskj. 891, 144. lögb. 2014-15, bls. 4608-4609 (enn óbirt í A-deild Alpt.).

nefndaráliti atvinnuveganefndar. Aftur á móti eru lögskýringargögn með ákvæðinu ótvíræð. Veiðifélagi er falið ákvörðunarvald um hagnýtingu og ráðstöfun eigna, án þess að samþykki allra sé þörf. Lögin voru sett í þeim tilgangi að bregðast við dómi *Hæstaréttar 13. mars 2014 (676/2013) (Fossatún I)*.⁵⁸

Inntak e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, samkvæmt lögskýringargögnum, er að auðvelda ákvarðanatöku innan veiðifélaga um arðbæra nýtingu eigna veiðifélags. Gildir það svo framarlega sem samþykki meirihlutans liggur fyrir og ráðstöfunin er skyld þeirri starfsemi sem fer fram á veiðitíma.⁵⁹

Í *Hrd. 26. október 2022 (20/2022), (Fossatún II)*, reyndi á skýrleika ákvæðisins. Gerðist það þegar veiðifélag Grímsár tók ákvörðun á grundvelli e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 um útleigu veiðihússins til almennrar gistingar utan veiðitímabils. Dómurinn taldi lögboðna skylduaðild fela í sér takmörkun á þeirri vernd sem 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar ætlar mönnum til að standa utan félaga. Heimildir sem skylduaðildarfélagi væri fengið samkvæmt lögum, til að taka ákvörðun um nýtingu og ráðstöfun eignarréttinda sem félagsmaður væri andsnúinn, yrðu hins vegar að vera skýrar og afdráttarlausar. Mættu þær ekki ganga lengra en nauðsyn krefði þannig að veiðifélagið gæti náð þeim markmiðum sem skylduaðildinni er ætlað að tryggja.

Vegna skylduaðildarinnar er þörf á að takmarka ráðstöfunarheimildir meirihluta í veiðifélagi, komi fram andstaða minnihluta. Verða slíkar heimildir metnar ströngum mælikvarða og þær verða að rúmast innan þess þrönga valdsviðs sem veiðifélagi er ætlað samkvæmt lögum og samþykktum einstakra félaga.⁶⁰ Í þessu felst raunar ákveðið meðalhófsþjónarmið sem hafa þarf í heiðri og uppfylla.

3.6 Eignarréttarleg staða veiðifélaga

Skapast hefur ágreiningur innan veiðifélaga um það, hvort félag geti átt eignir og hvort forræði yfir slíkum eignum sé á höndum þess. Stafar það af orðalagi 6. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006.⁶¹

Samkvæmt ákvæði 6. mgr. 37. gr. laganna tilheyra sjálfstæðar eignir veiðifélags í arðskrárhlutfalli, þeim fasteignum á félagssvæðinu sem veiðirétt eiga. Til glöggvunar verður hér staðar numið við orðalag ákvæðisins, hvort veiðifélag geti ráðstafað eignum sem tilheyra einstökum félagsmönnum.

⁵⁸ Þskj. 891, 144. lögþ. 2014-15, bls. 4607-4609 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

⁵⁹ Þskj. 891, 144. lögþ. 2014-15, bls. 4608-4609 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

⁶⁰ Karl Axelsson og Arnar Þór Stefánsson: „Um veiðifélög“, bls. 278.

⁶¹ Sjá *Hrd. 13. mars 2014 (676/2013)* og *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*.

Ákvæði e-liðar 1. mgr. 37. gr. laganna áskilur heimild handa veiðifélagi til að nýta og ráðstafa eignum félagsins með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn. Orðalag ákvæðisins gefur til kynna að það sé veiðifélagið sem eigi eignir félagsins.

Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 61/2006, er eignarréttarstaða veiðifélags áréttuð í samskiptum við félagsmenn. Sjálfstæðar eignir félagsins tilheyra einstökum félagsmönnum og veiðiréttarhöfum í samræmi við hlutdeild þeirra í félaginu, á grundvelli arðskrár.⁶²

Veiðifélögin sem slík hafa ekki yferráð yfir eignum sem skráðar eru á félagið, heldur einstakir félagsmenn enda er félagið sjálft ekki handhafi eignarréttarheimilda.⁶³

Það kom í hlut Hæstaréttar að skýra inntak e-liðar 1. mgr. 37. gr. laganna, með það fyrir sjónum að skera úr um hvort ákvæðið væri nógu skýrt og afdráttarlaust. Gat meirihluti félagsmanna tekið ákvörðun um nýtingu veiðihúss, þrátt fyrir mótbárur minnihluta félagsmanna? Í *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*, segir:

Við skýringu á ákvæði e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 og þeim heimildum sem ákvæðið veitir veiðifélagi til að nýta eignir félagsins og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn, þar á meðal til að ráðstafa eign þess utan veiðitímabils og þá til skyldrar starfsemi, verður að líta til þess að með lögum nr. 50/2015 var ekki hróflað við ákvæði 6. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 61/2006 var áréttuð sú eignarréttarstaða í skiptum veiðifélags og félagsmanna að félagið sjálft væri ekki handhafi neins konar eignarréttarheimilda heldur teldust sjálfstæðar eignir félagsins tilheyra einstökum félagsmönnum og veiðiréttarhöfum í samræmi við hlutdeild þeirra í félaginu á grundvelli arðskrár.

Í *Hrd. 13. mars 2014 (676/2013)* kvað við svipaðan tón en þar vísaði dómurinn til 6. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 og athugasemda með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 61/2006. Ályktaði rétturinn svo að veiðifélög gætu ekki verið handhafar neinna eignarréttarheimilda enda teldust sjálfstæðar eignir veiðifélags tilheyra einstökum félagsmönnum eftir því sem þeir tækju arð á grundvelli arðskrár. Þar með væri áréttuð sú eignarréttarstaða í skiptum veiðifélags og félagsmanna.

Má segja hið sama um athugasemdir með frumvarpi því er varð að lögum nr. 50/2015. Athygli er vakin á ákvæði 6. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, en frumvarpshöfundar nálgast þó ákvæðið með öðrum hætti en gert er í athugasemdum með frumvarpi því er varð að 6. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006. Í athugasemdum með lögum nr. 50/2015 er því haldið fram að skipan veiðifélaga samkvæmt 6. mgr. 37. gr. breyti ekki því fyrirkomulagi að það sé í verkahring

⁶² Alþt. 2005-2006, A-deild, bls. 3534.

⁶³ Karl Axelsson og Arnar Þór Stefánsson: „Um veiðifélög“, bls. 279.; Stefán Már Stefánsson og Eyvindur G. Gunnarsson: „Álitsgerð um eðli, réttarstöðu og heimildir veiðifélaga“, bls. 8.

stjórna veiðifélaga að ráðstafa eignum sé þeim að skipta. Augljóst sé að aðild að veiðifélögum tengist einungis rétthöfum á viðkomandi svæði og því sé um að ræða félag sem tekur mið af sameiginlegum hagsmunum þeirra.⁶⁴

Varðandi þessa skýringu frumvarpshöfunda er rétt að benda á sératkvæðið í *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*. Þar er sá póll tekinn í hæðina að almennur gisti- og veitingarekstur innan veiðitímabils falli innan marka c- og d-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006. Með hliðsjón af tilgangi laganna og markmiðum skylduaðildarinnar, leikur ekki vafi á því að eignarhald og rekstur veiðihúss sé eðlilegur þáttur í starfsemi veiðifélags.

Svo virðist sem dómari taki að einhverju leyti undir það sjónarmið frumvarpshöfunda að þótt félagið sjálft sé ekki eigandi eigna félagsins, þá sé það engu að síður hlutverk veiðifélags að halda utan um eignarhald og rekstur veiðihúsa enda sé það liður í starfsemi þess.

Hvað sem öðru líður þá hefur Hæstiréttur slegið því föstu í tveimur fordæmisgefandi dómum sínum, *Hrd. 13. mars 2014 (676/2013)* og *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)* að ákvæði 6. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 sé tæpitungulaust um að veiðifélag geti ekki átt eignir þar sem það sé ekki handhafi eignarréttarheimilda. Þetta styðst einnig við skýringar fræðimanna á því hvernig inntak 6. mgr. 37. gr. laganna er skýrt.⁶⁵

Hæstiréttur vísaði til þess í niðurstöðum sínum í *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)* að lög nr. 50/2015 hrófluðu ekki við ákvæði 6. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006. Lögin væru þó í nokkru ósamræmi við hugtakanotkun í öðrum ákvæðum laganna og þá grundvallarhugsun sem lá að baki setningu laga nr. 61/2006 um eignarréttarstöðu og eignarheimildir veiðifélags.

Af framangreindu leiðir, og með hliðsjón af ofangreindum dómum Hæstaréttar, að ótvírætt er að veiðifélag getur ekki átt þær eignir sem til verða í starfsemi þess, fyrir þær sakir að sjálfstæðar eignir félagsins tilheyra einstökum félagsmönnum og veiðiréttarhöfum. Verður nú vikið að því hvaða heimild veiðifélag hefur til að hagnýta og ráðstafa eignum veiðifélags.

3.7 Heimild veiðifélags til ráðstöfunar og hagnýtingar á eignum veiðifélags

Við samningu e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, er ljóst af athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 50/2015, að fyrir höfundum frumvarpsins vakti að tryggja veiðifélögum heimild til ákvarðanatöku um arðbæra nýtingu og ráðstöfun eigna þeirra, þannig að ekki þyrfti samþykki allra sameigenda. Því var hafist handa við að semja nýtt ákvæði við

⁶⁴ Þskj. 891, 144. lögþ. 2014-15, bls. 4607 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

⁶⁵ Karl Axelsson og Arnar Þór Stefánsson: „Um veiðifélög“, bls. 279.

lögin sem fæli í sér heimild handa veiðifélögum til að ráðstafa eignum sínum til skyldrar starfsemi utan veiðitíma.⁶⁶

Fram kemur í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 50/2015, að löglega boðaður fundur í veiðifélagi sé bær til að taka slíka ákvörðun með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi, án þess að samþykki allra þurfi til. Frumvapshöfundar leggja til grundvallar að hlutverk stjórnar veiðifélaga sé að leitast við að hámarka þau verðmæti veiðiréttarhafa sem þeir geta fengið af eign sinni með sama móti og gildir um ráðstöfun veiðiréttar á félagssvæðinu.⁶⁷

Orðalag e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 gefur til kynna, með hliðsjón af lögskýringargögnum, að veiðifélagi sé falið ákvörðunarvald um nýtingu sem felst í hámarkun á arði eignar félagsmanna. Byggir þetta á þeim rökum að veiðifélög fari á grundvelli skylduáðildar með ráðstöfun fjárhagslegra eigna þess.⁶⁸

Fljótlega eftir gildistöku ákvæðisins reyndi á skýrleika ákvæðisins fyrir dómstólum, það er hvort veiðifélagi væri heimilt án samþykkis allra sameigenda að leigja veiðihúsið út til almenns gisti- og veitingareksturs. Mál þetta hafði áður sætt meðferð dómstóla sem lauk með niðurstöðu Hæstaréttar í *Hrd. 13. mars 2014 (676/2013)*, en á grundvelli hins nýja ákvæðis e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 tók veiðifélag ákvörðun með samþykki meirihlutans um að ráðstafa eign félagsins. Hæstiréttur veitti áfrýjunarleyfi í málinu þar sem dómur í málinu kynni að vera fordæmisgefandi varðandi félagafrelsi og takmarkanir sem gerðar væru á því. Varð þetta að dómi, *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)* sem kenndur er við Fossatún II.

Í málinu klofnaði Hæstiréttur en meirihlutinn skýrði inntak e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, með þeim hætti að félagið sjálft væri ekki eigandi að eignum heldur félagsmenn og veiðiréttarhafar. Óskráðar reglur um ákvarðanatöku varðandi sérstaka sameign giltu því um ákvarðanatöku félags þegar kæmi að nýtingu eigna sem yrðu til í starfsemi þess. Ríkar kröfur væru gerðar til skýrleika lagaákvæða sem fælu í sér takmörkun á stjórnarskrárvörðum mannréttindum.

Við skýringu ákvæðisins leit rétturinn til þess að ákvæðið væri ekki nægjanlega skýrt og að það væri í nokkru ósamræmi við 6. mgr. 37. gr. laganna um að félag gæti ekki átt eignir. Því var slegið föstu að eignir veiðifélaga væru í sérstakri sameign veiðiréttarhafa og um ákvarðanatöku á vettvangi veiðifélaga giltu óskráðar reglur sérstakrar sameignar þegar skýr ákvæði laganna leiddu ekki til annarrar niðurstöðu.

⁶⁶ Þskj. 891, 144. lögþ. 2014-15, bls. 4608 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

⁶⁷ Þskj. 891, 144. lögþ. 2014-15, bls. 4608 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

⁶⁸ Þskj. 891, 144. lögþ. 2014-15, bls. 4608 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

Eitt af því sem skýra þurfti, var það hvort leiga veiðihúss utan skilgreinds veiðitímabils, teldist nýting og ráðstöfun á eignum veiðifélags til skyldrar starfsemi í skilningi e-liðar 1. mgr. 37. gr. laganna. Rétturinn komst svo að orði, að þótt gisti- og veitingarekstur á skilgreindu veiðitímabili væri í samræmi við markmið 1. gr. laganna, þá væri ekki sjálfkrafa hægt að draga þá ályktun út frá því að hið sama gæti gilt um starfsemi utan veiðitímabils.

Væri ákvæði e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 þess eðlis að veiðifélögum væru fengnar heimildir umfram það sem nauðsynlegt gæti talist þannig að markmiðum skylduaðildarinnar yrði náð. Væri önnur túlkun á ákvæðinu lögð til grundvallar, fæli það í sér að veiðifélaginu væru fengnar í hendur of rúmar heimildir þannig að í bága færi við 2. mgr. 74. gr. stjkskr. Á grundvelli e-liðar 1. mgr. 37. gr. laganna, yrði slík ráðstöfun ekki heimil nema samþykki allra félagsmanna lægi fyrir.

Niðurstaða dómsins verður ekki skilin öðruvísi en að ákvæði e-liðar 1. mgr. 37. gr. laganna, uppfylli ekki kröfur um skýrleika lagaheimilda að því er varðar skerðingu á stjórnarskrárvörðum réttindum, þannig að það samrýmist markmiðum skylduaðildarinnar.

Með dóminum setur Hæstaréttur það fordæmi, að túlka verði heimildir til skylduaðildarfélaga þröngt, sér í lagi þegar slíkt sætir andstöðu félagsmanna. Slík heimild verður þá að vera bæði skýr og nauðsynleg. Þegar skýrum ákvæðum laganna sleppir þá ber að fara eftir óskráðum meginreglum eignarréttarins þegar tekin er ákvörðun um nýtingu og ráðstöfun eigna veiðifélags. Ávallt þurfi því samþykki allra félagsmanna þegar ákvörðun er frábrugðin þeirri starfsemi sem fram fer á veiðitíma, enda sé veiðifélögum ætlað tiltölulega þröngt og afmarkað valdsvið. Það sé því ófrávíkjanlegt skilyrði að ákvarðanir rúmist sannanlega innan valdsviðs veiðifélaga.⁶⁹

Einn dómari skilaði sératkvæði er laut að skýringu á heimildum veiðifélags til þess að ráðstafa og hagnýta eignir félagsins á grundvelli e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006. Fram kemur í sératkvæðinu að dómari hafi verið ósammála þeirri niðurstöðu réttarins að veiðifélaginu hefði verið óheimilt án samþykkis allra að leigja út veiðihúsið. Af c- og d-lið 1. mgr. 37. gr laganna yrði ráðið að eignarhald og rekstur veiðihúss væri eðlilegur þáttur í starfsemi veiðifélags.

Í sératkvæðinu segir síðan meðal annars að eins og ákvæði e-liðar 1. mgr. 37. gr. laganna sé skýrt leiki ekki vafi á að lagaákvæðið taki til útleigu veiðihúss utan skilgreinds veiðitíma og að slík ráðstöfun geti verið arðbær. Er sú niðurstaða studd með hliðsjón af lögskýringargögnum og tilefni lagasetningarinnar.

⁶⁹ Karl Axelsson og Arnar Þór Stefánsson: „Um veiðifélög“, bls. 279.

3.7.1 Samanburður á ákvarðanatöku veiðifélaga og annarra félaga um sérstaka sameign

Algennt er að sameigendur stofni með sér félagsskap utan um eign í sérstakri sameign. Slíkt var gert í *Hrd. 8. október 2015 (83/2015)*, *Hrd. 11. febrúar 2016 (305/2015)* og *Hrd. 17. nóvember 2016 (44/2016)*. Í öllum dómunum var óskráðum reglum eignarréttarins um sérstaka sameign beitt en ekki reglum félagaréttarins. Ástæðan er sú að ákvörðunartakan varðaði eign í sérstakri sameign, félögin sjálf eru ekki eigendur, heldur var þeim ætlað tiltekið afmarkað hlutverk.

Svo virðist sem ákveðins misskilnings hafi gætt hjá frumvarpshöfundum laga nr. 50/2015, er varðar það hvort veiðifélag geti átt eignir. Í *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*, leggur Hæstiréttur það til grundvallar að veiðifélag sé einungis félagsskapur utan um eignir veiðifélaga sem séu í sérstakri sameign veiðiréttarhafa. Slíkt hið sama gildir þar af leiðandi um félög sem stofnuð eru utan um rekstur sameignar sbr. ofangreinda dóma.

Líkt og í *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*, þá er það ekki félagið sem er handhafi eignarréttar heldur landeigendurnir. Ekkert benti til þess að þeir hefðu framselt félaginu eignirnar. Ágreiningur sameigendanna laut að því í framangreindum dómum, hvort félaginu hefði verið framselt ákvörðunarvald til að ráðstafa eign, þótt slík ráðstöfun gæti talist meiri háttar eða óvenjuleg. Dómaframkvæmdin ber með sér að sameigendum sé heimilt að framselja félagi heimildir til að fara með umráð sameignarinnar. Getur slík heimild falið í sér að félagi er fengið ákvörðunarvald um nýtingu og ráðstöfun eignar.

Samkvæmt *Hrd. 11. febrúar 2016 (305/2015)* verða samþykktir að vera skýrar og afdráttarlausar um að sameigendur afsali sér ákvörðunarvaldi um ráðstöfun sem er meiri háttar eða óvenjuleg. Félagið fór ekki með vald til að taka ákvörðun um gjaldtöku á sameignarlandi. Ráðstöfunin átti að vera til tekjuaukningar sem rétturinn áleit að væri meiri háttar breyting á tilgangi félagsins sem þyrfti samþykki allra.

Hæstiréttur gengur út frá sömu sjónarmiðum um veiðifélög í *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*. Þótt rétturinn vísi ekki berum orðum til þessara sjónarmiða er það ljóst af dómum Hæstaréttar sem fyrr er getið að það verði að vera skýrt og afdráttarlaust ætli sameigendur að afsala sér ákvörðunarvaldi um að veita samþykki fyrir óvenjulegum eða meiri háttar ráðstöfunum. Verði annað ekki skýrt ráðið af lögum eða samþykktum þá gilda hinar óskráðu lagareglur, sbr. *Hrd. 13. mars 2014 (676/2013)*.

Í *Hrd. 8. október 2015 (83/2015)*, *Hrd. 11. febrúar 2016 (305/2015)* og *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*, var ekki fallist á að félögunum hefði verið framselt ákvörðunarvald, þannig að samþykki meirihluta nægði. Framangreindir dómar töldu framsal heimilda ekki nógu skýrt þannig að ekki þyrfti samþykki allra fyrir meiri háttar eða óvenjulegum ráðstöfunum.

Aftur á móti má vænta þess að slakað sé á kröfunni um samþykki allra þegar ákvörðun er tekin um ráðstöfun sem er skyld þeirri starfsemi sem fer fram í sameigninni eða ef eitthvað hefur tíðkast innan hinnar sérstöku sameignar. Má til glöggvunar nefna *Hrd. 17. nóvember 2016 (44/2016)*. Gerður var samningur um rekstur á svipaðri starfsemi og þegar var rekin á jörðinni. Landeigendur höfðu áfram allan rétt til tekjuöflunar og nýtingar landsins, að undanskildum litlum parti sem leigður var undir starfsemina. Rétturinn féllst ekki á að ráðstöfunin væri óvenjuleg eða meiri háttar þannig að samþykki allra hefði þurft.

Áhugavert er að bera dóminn saman við sératkvæðið í *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)* vegna þess að þar reyndi á hvort um skylda starfsemi væri að ræða. Dómarinn er þeirrar skoðunar að vafalaust sé að ákvæði laganna taki jafnt til gistireksturs innan veiðitímabils og útleigu veiðihúss utan veiðitímabils enda sé um skylda starfsemi að ræða.

Viss samkenni eru með veiðifélögum og öðrum félögum utan um verðmæti sem eru í sérstakri sameign. *Í fyrsta lagi* eru þetta félög sem eiga að halda utan um rekstur sameignarinnar. *Í öðru lagi* er þetta gert til að stuðla að hagbærri og sjálfbærri nýtingu verðmæta sem eru í hinn sérstöku sameign. Stundum getur verið hætt á að þau fari forgörðum ef ekki er einhvers konar skipulagður félagsskapur um þau. *Í þriðja lagi* gilda reglur eignarréttarins um verðmætin en ekki reglur félagaréttar.⁷⁰

Það sem aðskilur félögin er *í fyrsta lagi* að veiðifélög eru lögbundin skylduaðildarfélög og viðkomandi sameigandi hefur því ekki val um hvort hann vilji vera í félaginu eða ekki.⁷¹ Í *Hrd. 8. október 2015 (83/2015)* var félag stofnað utan um sameignarlandið sem einungis hluti sameigenda tók þátt í. Ákvörðun um gjaldtöku var ekki tekin af sameigendunum heldur einhliða af félaginu sem stóðst ekki þar sem hluti sameigenda hafði ekki gengist undir samþykktir félagsins. *Í öðru lagi* leigir veiðifélag ekki eignarréttindin af sameigendunum eins og gert er í öðrum félögum utan um sérstaka sameign sbr. *Hrd. 11. febrúar 2016 (305/2015)*. *Í þriðja lagi* er ströngum mælikvarða beitt um framsal heimilda til ákvörðunartöku handa veiðifélagi, sbr. *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*. Þá er ljóst að heimildum veiðifélaga til ákvarðanatöku um ráðstöfun og hagnýtingu eigna eru settar skorður þar sem skylduaðild er að veiðifélagi. Það liggur því beinast við að beina sjónum að kjarna dómsins er lýtur að félagafrelsinu og hvernig skylduaðildin kunni að hafa litað niðurstöðu dómsins.

⁷⁰ *Hrd. 8. október 2015 (83/2015)*, *Hrd. 11. febrúar 2016 (305/2015)* og *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*.

⁷¹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 449.

3.8 Áhrif skylduaðildar á niðurstöðu Hæstaréttar í Hrd. 26. október 2022 (20/2022)

Fossatúni II

Líkt og áður hefur verið lýst þá er með lögum hægt að skylda menn til aðildar að félagi ef nauðsyn krefst til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki sínu með tilliti til almannahagsmuna eða réttinda annarra.⁷²

Í Hrd. 26. október 2022 (20/2022) laut ágreiningur málsaðila að því hvort veiðifélagi væri heimilt að selja veiðihús félagsins á leigu til almenns gisti- og veitingarekstrar, utan skilgreinds veiðitímabils, á grundvelli e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006. Einn félagsmannanna að veiðifélaginu var andvígur ákvörðuninni. Leit hann svo á að ráðstöfun á veiðihúsinu fæli í sér takmörkun á stjórnarskrárvörðum réttindum hans. Ákvæði 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, um skylduaðild að veiðifélögum, fæli í sér skerðingu á neikvæðu félagafrelsi þeirra sem eiga fiskveiðiár og vötn í sérstakri sameign. Minnihluti félagsmanna var þeirrar skoðunar að ákvæði laganna ætti að túlka þröngt og með hliðsjón af tilgangi og markmiði veiðifélaga.

Niðurstaðan réðist þannig af því hvort þessi tiltekna hagnýting rúmaðist innan lögmælt hlutverks veiðifélagsins og hvort hagsmunum einstakra félagsmanna væri að óþörfu stefnt í óvissu. Hæstiréttur tók til athugunar hvernig kostnaðarskiptingu milli eigenda væri háttað vegna starfsemi veiðifélagsins. Slíkt væri nauðsynlegt við mat á því hvort hagsmunir eigenda væru fyrir borð bornir ellegar hvort ráðstöfun fæli í sér ónauðsynlega áhættu.

Félagsmenn greiða kostnað af starfsemi veiðifélags í því hlutfalli sem þeir taka arð, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 61/2006. Því stærri hlut sem félagsmenn eiga í veiðifélaginu, því meira ber þeim að greiða til að standa straum af útgjöldum félagsins.

Hæstiréttur bendir á að leigutekjum af veiðiréttinum er að hluta varið til almenns rekstarkostnaðar sem fylgir starfseminni. Arður af veiðirétti rennur þar af leiðandi ekki beint og óskipt til félagsmanna. Veiðifélaginu hefði ekki tekist að sýna fram á að útleiga veiðihússins gæti gefið af sér viðbótartekjur fyrir félagið. Félagsmaður sem væri mótfallinn ráðstöfuninni bæri engu að síður ábyrgð á kostnaði í því hlutfalli sem hann tæki arð. Hann yrði að sæta því að kostnaður umfram tekjur af veiðihúsinu væri dreginn frá veiðiarðinum.

Hæstiréttur taldi ákvörðun meirihluta félagsmanna um útleigu veiðihússins fela í sér meiri áhættu fyrir félagsmenn en útleiga innan veiðitímabils. Niðurstaðan var studd þeim rökum að heimildum skylduaðildarfélaga til ráðstafana væru settar takmarkanir vegna félagafrelsisins, sbr. 2. mgr. 74. gr. stjkskr. Lagaheimild sem fæli í sér heimild til að taka ákvörðun í andstöðu

⁷² Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 445.

við minnihlutann, mætti ekki vera þannig úr garði gerð að hagsmunum einstakra félagsmanna væri stefnt í óvissu að óþörfu.

Í sératkvæðinu er ekki tekið undir að útleiga veiðihússins gæti ekki verið arðbær fyrir félagsmenn. Dómarinn var þeirrar skoðunar að ráðstöfunin fæli ekki í sér meiri áhættu en þá hvort leigutakinn stæði skil á leigugreiðslum.

Í dóminum gagnrýnir Hæstiréttur löggjafann fyrir að gæta ekki nægilega að því hvaða þýðingu 2. mgr. 74. gr. stjkskr. og 11. gr. MSE hefðu að þessu leyti þótt ærin ástæða væri til í ljósi niðurstöðu *Hrd. 13. mars 2014 (676/2013)* sem var tilefni lagasetningarinnar. Rétturinn mat sem svo að löggjafinn hefði ekki sinnt stjórnskipulegu hlutverki sínu við undirbúning setningu laga nr. 50/2015 þegar verkefnum veiðifélaga var breytt með lögnum. Löggjafinn hafi þannig brugðist þeirri skyldu sinni, að meta hvort lagasetningin rúmaðist innan marka stjórnarskrárinnar. Þegar löggjöf takmarkar mannréttindi er það hlutverk dómstóla að meta hvort löggjafinn hafi gætt nægilega að meðalhófi, jafnræði og skýrleika lagaheimilda. Væri það einnig í verkahring dómstóla að skýra löggjöf og beita henni þannig að hún samrýmdist stjórnarskrá og alþjóðaskuldbindingum.

Niðurstaða dómsins er sú að ákvæðið samrýmist ekki þeim kröfum sem gera verður til skýrleika lagaákvæða. Væri ákvæðið túlkað þannig að samþykki meirihluta nægði þá væru félaginu fengnar í hendur heimildir umfram það sem nauðsynlegar væru þannig að markmiðum skylduaðildarinnar væri náð. Það er því alltaf þörf á samþykki allra félagsmanna þegar ákvörðun er tekin sem felur í sér takmörkun á stjórnarskrárvörðum réttindum.

Með þessum orðum Hæstaréttar er ljóst að hann beitir þröngri túlkun á ákvæði e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006.

4 Niðurstaða

Við upphaf umfjöllunar í þessari ritgerð var þeirri spurningu varpað fram hvert raunverulegt inntak e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 er. Verður nú reynt að svara þeirri spurningu í ljósi þess sem að framan greinir.

Sameigendum sem hafa með sér félagsskap utan um verðmæti í sérstakri sameign, verður að standa til boða úrræði þegar ákvörðun er tekin um þýðingarmikla ráðstöfun og hagnýtingu á sameiginlegum verðmætum sem þeir telja í andstöðu við hagsmuni sína. Úrræðin sem standa hverjum sameigenda til boða eru hinar óskráðu reglur eignarréttarins um að samþykki allra sameigenda þurfi þegar ráðstöfun er óvenjuleg eða meiri háttar.

Aftur á móti hefur því verið slegið föstu í dómum Hæstaréttar að sameigendur geti framselt félagi ákvörðunarvald þannig að meirihluti geti samþykkt ráðstöfun sem er óvenjuleg eða meiri háttar.

Líkt og framangreind umfjöllun hefur leitt í ljós þá eru gerðar strangari kröfur um framsal ákvörðunarvalds til lögbundinna skylduaðildarfélaga en almennt gerist um félög utan um sérstaka sameign.

Veiðifélögum var með lögum nr. 50/2015 fengið aukið vald til ákvörðunartöku um ráðstöfun eignar veiðifélags til arðbærrar nýtingar. Hefur þetta helst verið talið eiga við um útleigu veiðihúss, þegar skilgreindu veiðitímabili lýkur. Veiðifélögum er þröngt sniðinn stakkur þegar kemur að hagnýtingu eigna sem félagið hefur umráð yfir. Skýrist það af hinum þrönga mælikvarða sem beitt er um ráðstafanir sem geta fallið undir markmið laganna og réttlæta skylduaðildina.

Orðalag e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, greinir ekki beinlínis frá því að samþykki meirihlutans nægi til að ráðstafa megi eignum veiðifélags utan veiðitíma. Ákvæðið fellur heldur illa að orðalagi 6. mgr. 37. gr. laganna og lögskýringargögnum með lögum nr. 61/2006, að veiðifélag geti ekki átt eignir.

Fordæmi Hæstaréttar og kenningar fræðimanna sýna að strangar kröfur eru gerðar til skylduaðildarfélaga. Það er því mikilvægt að lagaheimildir séu skýrar þegar hagnýting eða ráðstöfun getur falið í sér takmörkun á stjórnarskrárvörðum réttindum. Með þessu er settur sá varnagli að allir standi jafnt að vígi. Ákvörðun sem felur í sér meiri háttar breytingu á fyrra fyrirkomulagi, eða takmarkar á einhvern hátt rétt aðilans, útheimtir því samþykki allra til að gild sé.

Höfundur dregur þá ályktun af dómum Hæstaréttar að slakað sé á kröfunum um ráðstafanir sem þurfi samþykki allra þegar ekki er um skylduaðildarfélag að ræða. Jafn ströngu mati er því ekki beitt um félagsskap sem menn stofna sjálfviljugir utan um sérstaka sameign.

Í dómi *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)* er ekki litið til þess að minnihlutinn á ekki að geta valdið óþarfa tjóni með mótþróa sínum og stöðvað meirihluta sameigenda til að nýta sameignina með arðbærum hætti fyrir alla.

Hlutverk dómstóla er að skýra ákvæði laga með hliðsjón af mannréttindareglum. Það má velta því fyrir sér, þótt ekki gefist færi á að kanna það nánar, hvort Hæstiréttur hafi beitt of ströngu mati á túlkun ákvæðisins. Inntak e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 mun eflaust mótast betur með tíð og tíma. Höfundur þessarar ritgerðar telur niðurstöðu Hæstaréttar í fyrrgreindum dómi fela það í sér að það sé nánast ógerningur fyrir meirihluta veiðifélags að ráðstafa eignum félagsins, liggi ekki fyrir samþykki allra félagsmanna.

Ástæðan er sú að ákvæðið gerir ráð fyrir skyldri starfsemi og þegar veiðitíma lýkur stendur fátt eftir annað en veitinga- og gistirekstur varðandi útleigu á starfsemi í veiðihúsi. Einkum þegar haft er í huga að veiðihús eru sérstaklega byggð til veitinga- og gistireksturs.

Það hefði verið fróðlegt að skoða, hvort allir félagsmenn voru sammála á sínum tíma, þegar ákvörðun var tekin um byggingu umrædds veiðihúss en slíkar vangaveltur verða að bíða síðari tíma.

Höfundur aðhyllist sératkvæði dómarans í *Hrd. 26. október 2022 (20/2022)*, að á því leiki ekki vafi hvert markmið löggjafans var þegar e-lið 1. mgr. 37. gr. var bætt við lög nr. 61/2006.

Að öllu framangreindu virtu, dregur höfundur þá ályktun að fyrir hendi sé sama staða og var áður en e-liður 1. mgr. 37. gr. laganna tók gildi með lögum nr. 50/2015. Veiðifélag með samþykki meirihluta er því ekki bært til að taka ákvörðun á grundvelli ákvæðisins um nýtingu og ráðstöfun veiðihúss utan veiðitíma, nema allir sameigendur veiti samþykki sitt.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistiðindi

Ásgerður Ragnarsdóttir og Víðir Smári Petersen: „Skylduaðild að veiðifélögum - stenst fyrirkomulag atvkæðisréttar meðalhófssjónarmið?“. *Úlfjótur*, 2. tbl. 2020, bls. 151-178.

Áslaug Björgvinsdóttir: *Félagaréttur*. Reykjavík 1999.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*. 2. útgáfa. Reykjavík 2019.

Einar Hannesson: „Veiðifélög og starfsemi þeirra“. *Veiðimálastofnunin*, 1974, bls. 3.

Gaukur Jörundsson: „Almennar reglur um sameign og sérreglur um tilteknar tegundir sameignar“. *Tímarit lögfræðinga*, 1. tbl. 1985, bls. 7-17.

Gaukur Jörundsson: *Eignaréttur I*. Reykjavík 1982-1983.

Harpa Samúelsdóttir: „*Veiðifélög samkvæmt lax- og silungsveiðilögum nr. 61/2006*“. 2010. Lagadeild. Háskólinn í Reykjavík.

Karl Axelsson og Arnar Þór Stefánsson: „Um veiðifélög“. *Úlfjótur*. 2.tbl. 2007, bls. 255-281.

Ólafur Lárusson: *Eignarréttur I*. Reykjavík 1950.

Ólafur Lárusson: *Kaflar úr kröfurétti*. Reykjavík 1948.

Stefán Már Stefánsson og Eyvindur G. Gunnarsson: „*Álitsgerð um eðli, réttarstöðu og heimildir veiðifélaga*“. 2011. Lagastofnun. Háskóli Íslands.

Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur I. Almennur hluti*. Reykjavík 2020.

Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II. Umgjörð og flokkun fasteigna*. Reykjavík 2023.